

Nd.

## 290. Frumvarp til laga

[166. mál]

um kirkjuorganleikara og söngkennslu í barna- og unglingskólum utan kaupstaða.

Frá menntamálanefnd.

### 1. gr.

Í hverju prestakalli utan kaupstaða skal starfa einn kirkjuorganleikari, er annist um kirkjusöng og hafi á hendi söngkennslu í barna- og unglingskólum byggðarlagsins, efli þar tónlistarlíf með þjálfun kirkjukóra og annarri hliðstæðri starfsemi.

### 2. gr.

Organleikararnir skulu halda a. m. k. einn samsöng árlega á vegum sóknar-kirknanna. Í skólunum skulu kennd frumatriði söngfræðinnar, nótnalestur og einraddaður söngur. Starfstími organleikara skiptist milli kirknanna og skólanna, eftir því sem ákveðið er í erindisbréfi þeirra, en það semja sóknarnefndir og fræðslu-nefndir á hverjum stað.

### 3. gr.

Ef heppilegra þykir í einhverju byggðarlagi að hafa tvo organleikara, skal það leyft að fengnu samþykki biskups og fræðslumálastjóra. Skulu organleikararnir þá skipta með sér verkum samkvæmt erindisbréfi, og nýtur hálfra launa hvor þeirra, nema öðruvísi sé um samið.

### 4. gr.

Hverjum organleikara skulu greidd laun úr ríkissjóði með sömu kjörum og eftir sömu reglum og kennurum við barna- og unglingskóla.

### 5. gr.

Lausar organleikarastöður skulu auglýstar í Lögbirtingablaði, en umsóknir séu stílaðar til biskups Íslands og fræðslumálastjóra, er sameiginlega senda þær menntamálaráðherra að fengnu álitu skóla- og sóknarnefnda. Skulu þó nemendur með fullnaðarprófi frá söngskóla þjóðkirkjunnar og kennaradeild Tónlistarskólans ganga fyrir öðrum, nema menntun og hæfni annarra umsækjenda sé óumdeilanlega jöfn eða meiri en hinna.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð var samþykkt á kirkjuþingi, og flytur nefndin það að beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Það mun vera örugg staðreynd, að iðkun söngs og hljóðfæraleiks á heimilum víðast hvar um landið fer mjög minnkandi í seinni tíð. Virðist mun ótíðara nú en var fyrir nokkrum áratugum, að ungt fólk hafi áhuga á að læra að leika t. d. á harmoníum. Er nú svo komið víða í sveitum, að heita má ógerlegt að fá menn til þess að annast organleik í kirkjum við guðsþjónustur, nema sóttir séu langt að, en það er söfnuðum illkleift fyrir kostnaðar sakir og tæplega heldur um að ræða annað en ígripahjálp með slíku móti. Hinir fámennari söfnuðir hafa ekki heldur neina fjárhagsgetu til þess að launa hin mikilvægu störf organleikara, svo að neinu nemi. Þá er og svo ástatt í skólum, að í smærri kaптúnunum og sveitum er víðast hvar engin söngkennsla, þótt söngur sé lögboðin námsgrein, vegna þess að enginn söngfróður maður er til í byggðarlaginu.

Þetta er auðsjáanlega alvarlegur brestur í menningar- og félagslífi. Tónmennt og sönglíf alþýðu er mikilvægur og heilnæmur þáttur í menningu þjóðarinnar og ómissandi undirstaða hærri tónlistarmenningar. Mun lítt stoða til lengdar að verja miklum fjármunum til túlkunar og flutnings hinna mestu tónverka, ef undirstaðan, söngmenntir alþýðu, er vanrækt með öllu.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðar að lausn á tilfinnanlegu og vaxandi vandamáli safnaðanna í landinu og umbót á óviðunandi ágalla á fræðslumálum þjóðarinnar. Er málum yrði svo fyrir komið sem frv. leggur til, væri fengin veruleg trygging fyrir því, að sæmilega hæfir menn réðust til þess að annast söngstjórn í kirkjum og söngkennslu í skólum, og mundu þeir jafnframt verða almennu tónlistarlífi til vakningar og eflingar.